

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1128/96**frá 24. júní 1996****um nákvæmar reglur um blöndun borðvins á Spáni(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1544/95 ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 16. gr. og 83. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 5. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 er að jafnaði óheimilt að blanda hvítt borðvín með rauðu borðvíni. Gert er ráð fyrir undanþágu vegna Spánar.

Setja þarf sérstakar, nákvæmar reglur um beitingu téðrar undanþágu vegna Spánar með hliðsjón af skipulagi vínræktargeirans og viðhorfa neytenda sem eru lengi að mótast, þar til lausn fæst með umbótum í vínræktargeiranum.

Brýnt er að tryggja að utan Spánar sé ekki hægt að neyta víns sem framleitt er með blöndun hvíts borðvins og rauðs borðvins, svo að slíkir framleiðsluhættir verði aðeins mögulegir í því landi þar sem þeir eru nauðsynlegir.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (EBE) nr. 2238/93 ⁽³⁾ kveður á um fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 184, 24. 7. 1996, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97 frá 15. desember 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(¹) Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.

(²) Stjtið. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 31.

(³) Stjtið. EB nr. L 200, 10. 8. 1993, bls. 10.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

1. Í samræmi við 5. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 er heimilt á Spáni að blanda vín sem hentar til framleiðslu hvíts borðvins, eða hvítt borðvín með víni sem hentar til framleiðslu rauðs borðvins eða með rauðu borðvíni, svo fremi framleiðsluvaran hafi einkenni rauðs borðvins og að hlutfall rauðvins í henni sé ekki undir 75%.

2. Spænsk rauð og ljósrauð (rosé) borðvín, sem fengin eru með blöndun eins og lýst er í 1. mgr., má ekki selja til annarra aðildarríkja eða flytja út til þriðju landa.

3. Varðandi framkvæmd 2. mgr. skal lögbært yfirvald, sem Spánn tilnefnir, ábyrgjast uppruna spænskra rauðra og ljósrauðra borðvina með því að stimpla reitinn sem ætlaður er athugasemdum yfirvalda á skjalinu sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 2238/93 á eftir orðunum „vín sem ekki er framleitt með blöndun hvítvins/rauðvins.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.